

Stjórn Foreldrafélags Naustaskóla

Fundargerð: 09.03.2015

- Það er mat Foreldrafélagsins að skólinn þurfi að vanda sig við að fara eftir þeim reglum sem gilda í þjóðfélaginu og vera til fyrirmyndar fyrir börn og foreldra í þeim efnum.
 - Á uppbrotsdögum eru gjarnan sýndar bíómyndir og þær eru ekki allar leyfðar fyrir alla aldurshópa skólans. Þá þarf að passa vel uppá að krakkar sem hafa ekki tilskilinn aldur séu ekki að horfa.
 - Á miðstigi og unglíngastigi hafa verið sýndar kvikmyndir á skólatíma sem ekki allir nemendur hafa aldur til að sjá.
 - Það er mikilvægt að átta sig á að þó áhorf sé sett upp sem val upplifa fjölmargir krakkar mikinn félagslegan þrýsting að horfa á myndina og upplifa síðan vanlíðan í kjölfarið.
- Skólastjórnendur hafa óskað eftir að foreldrafélagið reyni að gera foreldrum ljóst að þeir bera ábyrgð á sínum viðburðum í skólanum. Um þetta yrðu nokkrar umræður, okkur finnst margir foreldra sýna of lítinn áhuga fyrir bekkjarkvöldum og samveru foreldra og barna. Það er of oft að foreldrarnir mæta EKKI með börnum sínum heldur senda bara börnin - en það er ekki hugmyndin á bak við bekkjarkvöld. Foreldrarnir eiga líka að kynnast og mynda tengsl sín á milli. Ákveðið var að biðja Erlu að setja saman bréf sem hægt væri að senda til allra foreldra.
- Frá síðasta fundi Samtaka: Seglarnir með útivistarreglum eru tilbúnir og verða afhentir í vikunni fyrir páska (1. til 6. bekk). Claudia á eftir að heyra í Ágústi varðandi það. Rætt var um gjaldskráhækkunina fyrir mat frá Akureyrarbæ. Allir ósáttir með hana og vilja fá skýringu á því, það er í vinnslu. Samtaka er að skoða að fjármagna endurskinsmerki á næsta skólaári en það er á byrjunarstigi.
- Foreldrafélagið hefur rætt um að fá Vöndu með fyrirlestur - Samtaka voru líka að spá að fá hana. Fulltrúar foreldra í Samtaka leita betri upplýsinga á næstunni:).